

Inngangur

Nú er unnið að breytingum á rekstri Vesturlandsstofu ehf. - sem er alfarið í eigu SSV - þar sem markmiðið er að laga starfsemi að stefnumótun stjórnvalda um að Áfangastaðastofur (DMO) verði reknar í hverjum landshluta, þ.e. öflugar þróunarstofur sem vinna að samræmdu skipulagi, stoð- og hagþjónustu ferðamála í hverjum landshluta. Í þeirri tillögu sem kynnt hefur verið varðandi verkefni áfangastaðastofa er ljóst að þar eru ýmis verkefni sem nú þegar er verið að vinna að í starfsemi SSV – t.d. af atvinnuráðgjöf ofl..

Því ákvað stjórn SSV að skipa vinnuhóp til þess að gera tillögu að því með hvaða hætti væri hægt að samræma og samþætta starfsemi SSV og Vesturlandsstofu, þannig að uppfylltar yrðu væntingar stjórnvalda varðandi rekstur áfangastaðastofu, en einnig væri horft til að nýta það tækifæri til að auka samstarf og samlegð og efla þar með starfsemi SSV.

Í þessu minnisblaði förum við stuttlega yfir forsögu Vesturlandsstofu og hvernig eignarhald á markaðsstofum er í öðrum landshlutum áður en gerð er grein fyrir sjálfri tillögunni.

Vesturlandsstofa

Árið 1999 var Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands stofnuð og hafði hún það hlutverk að reka upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og var henni valin staður í Borgarnesi. Eigendur voru sveitarfélögin í gegnum SSV og ferðaþjónustuaðilar. Árið 2008 tók Markaðsstofa Vesturlands til starfa og var þá ákveðið að stofna hlutafélagið Vesturlandsstofu ehf. sem rak bæði upplýsingamiðstöðina og markaðsstofuna. Ferðaþjónustuaðilar áttu 2/3 í félaginu og SSV 1/3. Eftir hrunið haustið 2008 voru töluverðir rekstrarerfiðleikar og fór það svo árið 2013 að SSV eignaðist allt hlutafé í Vesturlandsstofu og tók yfir skuldir þess sem þá voru 12 m.kr.

Ákveðið var að hafa Vesturlandsstofu áfram á sér kennitölu, framkvæmdastjóri SSV varð stjórnarformaður, SSV hélt utan um fjármál og öll yfirbygging höfð eins lítil og hægt var. Árið 2017 hafði tekist að greiða niður allar skuldir Vesturlandsstofu og sama ár varð umræða um það á stefnumótunarfundi SSV hvort rétt væri að leggja starfsemi Vesturlandsstofu undir SSV. Þar sem ljóst var að mikil gerjun væri framundan varðandi starfsemi markaðsstofa og vinna var hafin við gerð Áfangastaðaáætlunar Vesturlands var ákveðið að hinkra með breytingar á skipulagi stoðkerfis ferðaþjónustunnar. Hins vegar var ákveðið að efla frekar stjórn Vesturlandsstofu og voru skipaðir í hana tveir fulltrúar auk framkvæmdastjóra SSV.

Í vinnu við Áfangastaðaáætlun kom glögg fram að margir töldu það tímabært að Vesturlandsstofa hætti rekstri sameiginlegrar upplýsingamiðstöðvar þar eða mörg sveitarfélög væru að reka miðstöðvar. Á sama tíma hafa áherslur Ferðamálastofu þróast á þann veg að dregið hefur úr áherslu á rekstur mannaðra upplýsingamiðstöðva og þess í stað verið lögð áhersla á starfræna miðlun. Því var tekin sú ákvörðun árið 2019 að Vesturlandsstofa hætti rekstri upplýsingamiðstöðvar og var það gert 31 mars 2020.

Í framhaldi af þeirri breytingu var starfsstöð Vesturlandsstofu í Hyrnutorgi lokað og er starfsemin sem eftir stendur þ.e. verkefni vegna Markaðsstofu Vesturlands og Áfangastaðaáætlunar að flytja í húsnæði SSV að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Skipulag í öðrum landshlutum.

Það hefur verið mismunandi eftir landshlutum hvernig eignarhaldi er á markaðsstofnunum. Á Austurlandi var markaðastofan setti undir Austurbrú og sama staðan er á Vestfjörðum en þar er markaðsstofan er hluti af starfsemi Vestfjarðarstofu. Á Suðurnesjum er markaðsstofan undir hatti Sambands sveitarfélaga SSS, en rekin á sérstakri kennitölu. Síðan er hún sem sérstök deild innan SSS ásamt atvinnuþróunarfélaginu Heklu sem hefur sérstaka stjórn en atvinnuþróunarfélagið er á sömu kennitölu og SSS. Bæði fulltrúar frá sveitarfélögum og

ferðapjónustunni eru í stjórn Heklu ásamt fulltrúum frá atvinnulífinu. Framkvæmdastjóri SSS er jafnframt framkvæmdastjóri Heklunnar. Á Suðurlandi er markaðsstofan sjálfseignarstofnun í eigu ferðamálasamtaka á Suðurlandi og SASS. Í stjórn eru fulltrúar ferðamálasamtaka og tveir stjórnarmenn koma frá sveitarfélögunum. Á Norðurlandi er markaðsstofan sjálfseignarstofnun og allir stjórnarmenn koma frá ferðapjónustunni. Markaðsstofan er með samstarfssamninga við sveitarfélögin.

Tillaga að nýju skipuriti SSV

Við þá breytingu þegar Vesturlandsstofa er flutt í sama húsnæði og SSV skapast frekari tækifæri til að ná fram hagræðingu og meiri samnýtingu mannauðs til að vinna að verkefnum SSV og Vesturlandsstofu. Með auknum samruna og skipulagsbreytingu teljum við að hægt sé að ná fram mörgum markmiðum sem sett hafa verið fram af stjórnvöldum sem áherslupættir í þróun Áfangastaðastofa (DMO) í landshlutanum (sjá fylgiskjal).

Tillagan sem hér er lögð fram tekur mið af því að verið er að leggja áherslu á hagræðingu, skilvirkni og samnýtingu mannauðs. Hún gengur út á að áfangastaðastofa verði hluti af starfsemi SSV, en sem sérstakt fagsvið og markaðspátturinn í starfseminni verði rekinn á sérstakri kennitölu.

Helstu þættir tillögunar eru (sjá einnig myndræna framsetningu í lok skjals):

- Starfsemin fellur öll undir **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)**, þar sem aðalfundur og haustþing leggja línurnar varðandi stefnumótun, stjórnun og ákvarðanatöku
- **Stjórn SSV** tekur ákvarðanir um stefnumótun, stjórnun og rekstur á milli aðalfunda/haustþings.
- **Framkvæmdastjóri SSV** sér um að framfylgja stefni og samþykktun stjórnar auk þess að vera yfirmaður daglegs reksturs og starfsmannahalds SSV
- Horft er til þess að starfseminni verði í meginatriðum skipta upp í tvö svið, annarsvegar atvinnu- og byggðapróun og hinsvegar áfangastaðavinnu- og kynningarmál – því verði tveir fagstjórar sem haldi utan um og stýri verkefnavinnu hver á sínu sviði.
 - **Fagstjóri atvinnuþróunar**
 - **Fagstjóri áfangastaðar**
- Allt starfsfólk mun vinna og vera á launaskrá hjá SSV og sinna þeim störfum sem starfslýsing þeirra segi til um og tekur mið af þekkingu og hæfni hvers og eins.
- Starfsemi og verkefni SSV verða samþætt eins og þurfa þykir hverju sinni til að nýta sem best styrkleika og þekkingu starfsfólks. Þar má segja að verkefnin falli í þrjá flokka:
 - **Samstarf og hagsmunagæsla:** t.d. samstarf sveitarfélaga, landshlutasamtaka, markaðsstofa, fyrirtækja og stofnanna. Hagsmunagæsla fyrir sveitarfélög og haghafa gagnvart stjórnvöldum og öðrum o.m.fl.
 - **Þróunarstarf, rannsóknir og stoðþjónusta:** t.d. áhersluverkefni sóknaráætlunar, ýmis þróunarverkefni, ráðgjöf, styrkveitingar, kynningarstarf, rannsóknir sem lúta að atvinnu – og byggðapróun o.m.fl.
 - **Mannauður, fjármál og rekstur stofnunarinnar:** t.d. mannauðsmál, fjármál og áætlanagerð, skjalastjórnun, umsýsla uppbyggingarsjóðs o.m.fl.

Starfsemi og verkefni SSV skiptast líka í átta þemaflokka með áherslum sem falla undir atvinnuþróun og áfangastaðavinnu að undanskildu þemanu um samstarf og hagsmunagæslu sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

- Samstarf og hagsmunagæsla.
- Bygðaðpróun og rannsóknir.
- Atvinnuþróun, hugvit, nýsköpun og tækni.
- Velferðarmál, menning, skapandi greinar og menntun.
- Áfangastaðurinn Vesturland.
- Markaðsmál, kynning og upplýsingar.
- Matarauður og náttúruafurðir.
- Samgöngur, umhverfis- og orkumál.

Einnig er lagt til að **Markaðsstofa Vesturlands ehf.** taki yfir kennitölu Vesturlandsstofu. Við teljum mikilvægt að til vel skilgreindur samstarfsvettvangur og rammi um samstarfsverkefni ferðabjónustunnar og stoðbjónustunnar sem lúta að sameiginlegum markaðsverkefnum ofl. Því er lagt til að kennitala Vesturlandsstofu verði notuð áfram, en nafni starfseminnar verði breytt í Markaðsstofa Vesturlands ehf. og sá vettvangur verði nýttur til að halda utan um samstarfssamninga við ferðabjónustuaðila á Vesturlandi og sameiginleg markaðsverkefni MV og hagaðila ferðabjónustunnar (samstarfsaðila) á Vesturlandi. Einnig til að vinna að samstarfi við markaðsstofurnar í öðrum landshlutum, sem og Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Markaðsstofa Vesturlands væri með sér faghóp ferða- og markaðsmála, sem skipaðaður væri hagaðilum ferðabjónustunnar sem myndu vinna með framkvæmdastjóra MV sem jafnframt væri fagstjóri Áfangastaðavinnu SSV.


Í þessari tillögu að skipuriti kemur fram að SSV með samningi við Sorpurðun Vesturlands hefur umsýslu með starfsemi Sorpurðunar Vesturlands sem er hlutafélag með sérstakri stjórn. Starfsmaður SSV sinnir starfi framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands.

Til að efla starfsemi SSV og ná góðri tengingu við starfsemi og íbúa á svæðinu verði starfræktir ýmsir samráðshópar, nefndir og ráð. Fyrirhugað er að nýta tæknina og efla samband og samskipti við þessa hópa með skilvirkum fundum/netfundum til að kalla eftir og miðla upplýsingum um þau mál og verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Hér fyrir neðan er tafla þar sem listaðar hafa verið upp stefnumótandi áætlanir sem hafa verið unnar og samþykktar hjá SSV, einnig þeir hópar, nefndir og ráð sem eru starfandi í stjórnskipan SSV og Vesturlandsstofu. En í aftasta dálkinum er einnig sett fram hugmynd að hópum sem gætu styrkt þá starfsemi sem hér er sett fram sem meginverkefni SSV. Þetta er ekki tæmandi upptalning – aðeins hugmyndir. En með tilkomu bættrar tækni til fjarfunda og aukinnar þekkingar fólks við að taka þátt í slíkum fundum, þá opnast tækifæri til að efla þessa starfsemi og samskipti til muna.

Stefnumótandi áætlanir	Samráðshópar, nefndir og ráð	Vænlegt samráð
Sóknaráætlun	Samráðsvettvangur um Sóknaráætlun	Fagråd um markaðs- og ferðamál
Samgönguáætlun	Fagråd Uppbyggingarsjóðs	Fagråd um nýsköpun, hugvit og tækni
Áfangastaðaaætlun	Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs	Fagråd um bygðaðpróun og rannsóknir
Velferðarstefna	Áfangastaðafulltrúar sveitarfélaga	Fagråd um umhverfis og orkumál
Menningarstefna	Verkefnastjórnir áhersluverkefna	Fagråd um mat og náttúruafurðir

Sjá myndræna framsetningu af tillögu að skipuriti SSV í mynd hér fyrir neðan:



Fylgiskjal.

Hlutverk Áfangastofu – tekið úr kynningu Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála:

Hlutverk

- Gerð og framkvæmd **áfangastaðaaætla**na og viðskiptaáætla^{na} fyrir ferðapjónustu, ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- Aðkoma að **gerð stefnumótunar** og áætla^{na} landsvísu sem snertir ferðapjónustu.
- Þátttaka í **rannsókn**um og **mælingum**, öflun áreiðanlegra gagna.
- **Álagsmat** efnahags, samfélags og náttúru gagnvart fjölda ferðamanna.
- **Vörupróun og nýsköpun**.
- Stuðningur við **tæknivæðingu** ferðapjónustunnar.
- Uppbygging **hæfni og gæða**.
- **Öryggi** ferðamanna.
- **Kynning og markaðssetning**.
- **Upplýsingamiðlun**.
- Liðsinni við einstök sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga innan svæðis vegna ferðapjónustu.
- Tengsl við hagaðila utan svæðis, s.s. ráðuneyti, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun, SAF, Hæfnisetrið o.fl..